

Líf- og sjúkdómatrygging fyrir ungt fólk

Fyrir einstaklinga á aldrinum 18-35 ára

I. Grunnupplýsingar

Vátryggður _____ Kennitala _____
Heimilisfang _____ Póstnr _____ Staður _____
Sími _____ Farsími _____ Netfang _____

II. Vátryggingarfjárhæð og gildistaka

Líftryggingarfjárhæð 3.000.000 kr.

Sjúkdómatryggingarfjárhæð 4.000.000 kr.

Tryggingar skulu taka gildi:

Strax við samþykki umsóknar Síðar – dagsetning: _____

III. Réttthafaskráning

Réttthafaskráning (ath. merkið einungis við einn valmöguleika)

Ekki tilnefndur réttthafi:

Sé ekki tilnefndur réttthafi bóta fer um rétt til greiðslu samkvæmt 100. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Það þýðir að líftryggingarfjárhæðin rennur til maka vátryggðs. Ef vátryggður lætur ekki eftir sig maka fellur líftryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Með orðinu maki er í lögum nr. 30/2004 átt við maka í hjúskap en ekki maka í óvígðri sambúð. Sambúðarmaki getur aðeins öðlast rétt til greiðslu líftryggingarfjárhæðar þegar hann er tilnefndur sérstaklega sem réttthafi.

Lögerfingjar: Erfingjar fá hver sinn hluta skv. erfðalögum

Skráning á nafn/nöfn*

Nafn _____	Kennitala _____	Hlutfall _____
Nafn _____	Kennitala _____	Hlutfall _____
Nafn _____	Kennitala _____	Hlutfall _____
Nafn _____	Kennitala _____	Hlutfall _____

* Sé vátryggður í hjúskap ber félaginu samkvæmt 101. gr laga nr. 30/2004 að tilkynna maka hans um tilnefningu réttthafa.

IV. Löggjaldagreiðslur - greiðslumáti

Greiðslumáti: Kröfur í heimabanka
 Kreditkort – vinsamlegast hringið inn kortanúmer í síma 5141000
 Mánaðarlega Árlega

V. Upplýst samþykki til gagnaöflunar

Yfirlýsing um vitneskju og fyrirvari vegna fyrra heilsufars

Ég sæki um framangreinda tryggingu/tryggingar á grundvelli skilmála þeirra. Ég staðfesti jafnframt með undirritun minni að hafa kynnt mér skilmála váttryggingarinnar og gengst við þeim.

Ég samþykki og staðfesti það fyrirkomulag tryggingarinnar að ekki sé aflað heilsufarsupplýsinga um mig áður en ábyrgð félagsins hefst. Mér er jafnframt ljóst að ábyrgð félagsins takmarkast og nær ekki til afleiðinga slyss, sjúkdóms, meins eða annars sem ég hef vitneskju um eða má vita að sé til staðar við undirritun váttryggingarsamnings þessa eins og greinir í skilmálum váttryggingarinnar, þrátt fyrir að ekki sé aflað heilsufarsupplýsinga um mig áður en ábyrgð félagsins hefst.

Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar veittar af minni hálfu geta leitt til takmörkun ábyrgðar félagsins, skerðingu bótaréttar eða þess að greidd iðgjöld tapist skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ábyrgð félagsins

Mér er ljóst að ábyrgð félagsins hefst ekki fyrr en félagið hefur samþykkt undirritaða váttryggingarbeiðni með nauðsynlegum fylgigögnum, séu þau einhver. Loforð og samkomulag milli mín og ráðgjafa skulu koma fram í váttryggingarbeiðni þessari. Váttryggingarbeiðni, ásamt skilmálum váttryggingarinnar, eru grundvöllur váttryggingarsamnings milli mín og Varðar. Ég staðfesti með undirritun minni að ég hef verið upplýst/upplýstur um ákvæði skilmála tryggingarinnar, þar á meðal gildissvið og takmarkanir hennar.

Samþykki til upplýsingaöflunar og vinnslu persónuupplýsinga

Með undirritun minni á váttryggingarbeiðni þessa heimila ég Verði að afla allra nauðsynlegra upplýsinga ef til tjóns kemur, svo félagið geti metið bótaskyldu sína samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar, hvort sem slíkar upplýsingar stafa frá læknum, sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða öðrum sjúkrahúsum, meðferðaraðilum eða frá öðrum viðlíka aðilum sem búa yfir upplýsingum um heilsufar mitt.

Mér er ljóst að tilgangur öflunar þessara upplýsinga er sá að félagið þarf að meta bótaskyldu sína samkvæmt skilmálum váttryggingar ef til tjóns kemur. Félagið mun fara með allar upplýsingar sem aflað er á grundvelli yfirlýsingar þessarar sem trúnaðarmál. Upplýsingarnar verða eingöngu nýttar til þess að meta bótaskyldu félagsins eða til tölfraeðilegrar gagnavinnslu.

Í persónuverndarstefnu Varðar er fjallað nánar um í hvaða tilgangi Vörður safnar persónuupplýsingum og hvernig þær eru unnar. Persónuverndarstefnuna er að finna á heimasíðu Varðar. Mér er kunnugt um að Vörður mun nota upplýsingar þessar eingöngu vegna þeirrar þjónustu sem veitt er nú hjá félaginu og að aðgangur að upplýsingunum er eingöngu í höndum þeirra starfsmanna sem þurfa á þeim að halda starfs síns vegna. Upplýsingarnar eru aldrei geymdar lengur en þörf er á fyrir vinnslu þeirra. Vörður fer með meðhöndlun upplýsinga í samræmi við gildandi persónuverndarlög.

Leyfi til að miðla upplýsingum

Ég heimila félaginu þá jafnframt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluáðila félagsins í þeim tilvikum sem Vörður telur slíkt nauðsynlegt til að uppfylla samningsskyldur sínar, t.d. til endurtryggjenda, trúnaðarlækna og heilbrigðisstofnana.

Afturköllun samþykkis

Ég geri mér grein fyrir að mér er heimilt að afturkalla samþykki mitt til upplýsingaröflunar hjá félaginu með vísan til gildandi persónuverndarlaga. Þá lýsi ég því yfir að ég geri mér grein fyrir því að umrædd upplýsingaöflun er forsenda váttryggingarsamningsins og gæti slík afturköllun haft í för með sér að ekki stofnist til samnings á milli mín og félagsins, að félagið geti slitið samningum eða að til þess geti komið að ekki greiðast út bætur þar sem félagið hafi ekki forsendur til þess að meta bótaskyldu sína.

Ég undirrita umsókn þessa með fullgildum rafrænum undirritunarbúnaði í samræmi við ákvæði íslenskra laga um rafrænar undirritanir.